

Dagforeldrar í Dalabyggð

Til að starfa sem dagforeldri þarf leyfi félagsmálanefndar Dalabyggðar. Umsóknum um vistun hjá dagforeldri skal beint til viðkomandi dagforeldris. Einn aðili er nú með starfsleyfi, Eyrún Dögg Guðmundsdóttir.

Dagvistunargjöld hjá viðurkenndum dagforeldrum eru niðurgreidd í samræmi við reglur um niðurgreiðslur vegna daggjalda barna á einkaheimilium. Reglurnar má finna á vef Dalabyggðar og á skrifstofu sveitarfélagsins. Umsóknum og fyrirspurnum varðandi niðurgreiðslur dagvistunargjalda skal beint til Félagsþjónustu Dalabyggðar.

Garðland

Garðland fyrir grænmetisræktun í Búðardal verður í námunda við vatnstankinn eins og undanfarin ár og verður það unnið þegar fært verður.

Íbúum Dalabyggðar er frjálst að helga sér reit á svæðinu til afnota sumarlangt endurgjaldlaust, en eru beðnir að gæta hófs varðandi stærð þannig að sem flestir áhugasamir geti nýtt sér svæðið.

Sælingsdalslaug fyrri hluta maí

Opnunartímar 4. - 17. maí

þriðjudagar	kl. 15:30 - 20:00
miðvikudagar	kl. 18:00 - 21:45
fimmtudagar	kl. 15:30 - 18:30
laugardagar	kl. 13:00 - 17:00



DALAPÓSTURINN

6. tölublað, 8. árgangur
30. apríl 2015

Fundur um atvinnumál

Byggðaráð Dalabyggðar og Dalakot boða til súpufundar um atvinnumál í Dalabyggð. Fundurinn verður í Dalakoti miðvikudaginn 6. maí kl. 18 og er gert ráð fyrir að hann standi í um 2 klst.

Á fundinum verða stuttar framsögur forsvarsmanna fyrirtækja og stofnana í héraðinu og umræður.

Súpa verður í boði Dalakots.

Byggðaráð og Dalakot

Sjálfböðavinnuverkefni

Minnt er á að umsóknarfrestur er til og með föstudagsins 30. apríl. Á heimasíðu Dalabyggðar má finna reglur um sjálfböðavinnuverkefni og umsóknareyðublöð.

Vinnuskóli

Vinnuskólinn verður starfræktur frá 8. júní til 31. júlí fyrir unglunga fædda árin 1999 - 2002. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu og skrifstofu Dalabyggðar.

Umsóknarfrestur er til og með **15. maí** 2015.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

SAMEINING - SAMSTARF

Sveitarstjórnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Stranda- byggðar sammæltust um það eftir sveitarstjórnarkosningarnar 2014 að hittast á sameiginlegum fundi til að ræða sameigin- leg málefni, frekara samstarf og sameiningarmál þessara sveitarfélaga.

Sá fundur var haldinn 31. mars 2015 í Tjarnarlundi. Fulltrúum frá Árneshreppi og Kaldrananeshreppi var einnig boðið að taka þátt í samtalinu. Til fundar mættu 19 fulltrúar, þó enginn frá Árneshreppi vegna ófærðar. Á fundinum voru ræddar margar hliðar sameiningar og samstarfs sveitarfélaganna undir yfirskriftinni „Að búa í haginn – Samstarf til sóknar“.

Farið var yfir áskoranir og tækifæri í samfélögunum á svæðinu, hvort sveitarfélögin teldu sig geta áorkað meiru með því að taka sameiginlega á viðfangsefnum sínum, hver helstu verkefnin væru sem þannig þyrfti að vinna og þá á hvaða grunni, og hver ávinningurinn væri af því að vinna þau í sameiningu, fremur en hver fyrir sig.

Samhljómur var hjá fundarmönnum um að ávinningur af auknu samstarfi á svæðinu væri mikill, sama á hvaða formi það yrði.

Hvað varðar stjórnsýslu, þjónustu sveitarfélaga og rekstur, þá felast kostir í einfaldara stjórnkerfi sveitarfélaganna og stofnana þeirra, þannig að ná megi fram aukinni hagræðingu og fjárhagslegri hagkvæmni.

Samhliða er verið að gera því skóna að með því að leggja saman þá sé hægt að bæta í þjónustuna, bæði með nýrri þjónustu sem ekki er til staðar nú og eins þannig að störfín „komi heim“ sem annars eru aðkeypt. Þannig megi efla

samfélagið og þjónustu við íbúana í þeim málaflokkum sem tilheyra sveitarfélögunum.

Hvað varðar ólögbundin verkefni sveitarfélaga og umræðu um atvinnumálin almennt, þá kom einnig fram trú á að kostir og tækifæri skapist með því að horfa á svæðið sem heild, kynna það þannig og gæta hagsmuna þess í sameiningu. Ef tekst að efla þjónustu sveitarfélaganna og auka samheldni og samvinnu á svæðinu, þá geti það leitt af sér ný störf og aukna þörf á frekari (sérfræði)þjónustu í einkageiranum.

Lagðir eru fram þrír valkostir að næstu skrefum, en fjórði kosturinn er síðan sambland valkosta.

- a. Að hefja formlegan undirbúning sameiningar sveitarfélaganna.
- b. Að velja og vinna að völdum samstarfsverkefnum eða málaflokkum, s.s. í stjórnsýslu og/eða þjónustu sveitarfélaganna, án sameiningar.
- c. Að hefja vinnu við svæðisskipulag; velja þróunarþætti sem sveitarfélögin sammælast um að móta sameiginlega sýn á og vinna til framtíðar.

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 21. apríl var samþykkt að kynna samantekt Alta á heimasíðu sveitarfélagsins og gefa íbúum kost á að lýsa skoðunum sínum. Málið verði tekið aftur til umræðu á fundi sveitarstjórnar í maí og verða ábendingar sem fara eiga fyrir þann fund að hafa borist sveitarstjóra (sveitarstjori@dalir.is) skriflega fyrir 15. maí.

Samantekt af samráðsfundinum má lesa á vef Dalabyggðar.